

Jafnréttisáætlun - Grunnskóli Drangsness - (uppfærð haust 2021)

Inngangur

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur Grunnskóli Drangsness sig til að fara eftir jafnréttisáætlun þessari. Skólastjóri ber ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt, stjórnendur og starfsmenn skólans bera sameiginlega ábyrgð á að gæta jafnræðis á vinnustað.

Jafnréttisstefna skólans byggir á jafnræðisreglunni, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008), lögum um grunnskóla (nr. 91, 2008), Aðalnámskrá grunnskóla og hugmyndafræði sem birtist í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Jafnræði felur í sér að ávallt skal leitast við að tryggja að einstaklingar standi jafnfætis óháð kynferði, kynhneigð, aldri, útliti, uppruna, þjóðerni, litarhætti, heilsufari, efnahag, fötlun, trúar-eða stjórnmálaskoðana eða annarri stöðu. Lögð er rík áhersla á að þeir sem tilheyra skólasamfélaginu (nemendur, foreldrar og starfsfólk) fái að hafa áhrif á skólastarfið og skal það m.a. tryggt með reglulegum skólafundum og góðri upplýsingagjöf.

Stefna þessi tekur annars vegar til nemenda og hins vegar til starfsmanna og er kynnt fyrir skólasamfélaginu í upphafi hvers skólaárs og birt á heimasíðu skólans.

Námið

Í skólanum er unnið samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla þar sem jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar. Það eru margir þættir sem hafa ber í huga þegar tryggja á jafnan rétt til náms; námshópar, námsmat, kennsluhættir og námsefni eru meðal þeirra. Tryggja skal að allir nemendur Grunnskóla Drangsness hafi **sömu tækifæri til náms** og taki þátt í öllu skólastarfi. Saman búum við nemendur undir jafna þátttöku í samfélaginu, í atvinnu og fjölskyldulífi.

Við **röðun í náms- og valhópa** skal leitast við að hafa nemendahópin sem fjölbreytilegastan, t.d. sem jafnast hlutfall drengja og stúlkna nema þegar það þjónar sérstaklega jafnréttishugsun að kynskipta hópum.

Þeir sem að kennslu við skólann koma skulu bjóða upp á **fjölbreytta kennsluhætti** til þess að tryggja að komið sé til móts við þarfir ólíkra einstaklinga og allir fái að njóta sín sbr. [Leiðarljós skólans](#).

Allt **námsefni** í öllum námsgreinum þarf að skoða og meta út frá jafnræðissjónarmiði og leggja sérstaka áherslu á markvissa mannréttindafræðslu og vinna með námsefni/kennslugögn sem byggja á sjálfsögðum mannréttindum og jafnréttishugmyndum. Allir nemendur fá fræðslu um mannréttindamál og ávallt er unnið gegn staðalímyndum í námi við skólann með ýmsum hætti t.a.m. í bókmenntakennslu, kennslu í lífsleikni og fleiri greinum þar sem sérstaklega er unnið með þessa þætti og nemendum gefinn sem oftast kostur á að vinna að verkefnum sem hafa það að markmiði að gera þá meðvitaða um mikilvægi jafnréttis, skaðsemi fordóma o.s.frv. Ein smiðja á ári er með sérstaka tengingu við jafnrétti og mannréttindi.

Tryggja þarf jafna stöðu nemenda hvað **námsmat** varðar og greina reglulega niðurstöður prófa út frá kyni, uppruna og fleiri breytum. Bregðast þarf við ef munur er á einkunnum nemenda og taka til endurskoðunar kennsluhætti, námsefni, röðun í hópa o.s.frv.

Líðan nemenda, sjálfsmynd og jöfn þátttaka í félagsstarfi

Á hverju skólaári eru lagðar fyrir líðankannanir í öllum árgöngum og vinna umsjónarkennarar í samstarfi við skólastjóra að því að greina líðan nemenda og finna leiðir að því að bæta líðan og efla sjálfsmynd nemenda í samstarfi við fagaðila og foreldra. Unnið er sérstaklega með niðurstöður allra kannana og gripið til aðgerða ef í ljós kemur marktækur munur eftir kynjum eða öðrum breytum s.s. eins og uppruna o.s.frv. Tryggja skal jafnan hlut allra nemenda við val í nemendaráð og önnur ráð eða við önnur tækifæri s.s. eins og íþróttamót o.s.frv. Skólinn skuldbindur sig til þess að veita nemendum alla þá aðstoð sem möguleg er til að tryggja virkni þeirra í félagsstarfi nemenda.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti eru ekki liðin í skólanum. Gripið skal til aðgerða án tafar ef upp koma mál af þessum toga. Skólastjóri kallar til fagaðila (skólasálfræðing, náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðing o.s.frv.) og eru málin unnin í samvinnu við Barnavernd, Barnahús og lögreglu. Megin markmið er að tryggja velferð nemenda og að öll mál skuli afgreidd af nákvæmni og fagmennsku.

Ef upp kemur grunur/vissa um að nemandi hafi orðið fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegu áreiti í skólanum eða utan hans skal samstundis haft samband við barnaverndaryfirvöld og Barnahús. Allra leiða er leitað til þess að tryggja reglulega fræðslu um kynbundið eða kynferðislegt ofbeldi eða áreitni í öllum árgöngum skólans ásamt því að upplýsa starfsfólk um verkferla og veita þeim fræðslu

sem nýtist við að bregðast rétt við. Leiðbeiningarbæklingur um „[Kynferðislega áreitni á vinnustöðum, Forvarnir og viðbrögð](#)“ er aðgengilegur á vinnustaðnum.

Telji nemandi/forráðamaður að jafnrétti til náms sé brotið í skólanum skal hann leita til umsjónarkennara og eða skólustjóra sem finnur málinu farveg.

Starfsmenn, jafnlaunastefna, ráðningar o.fl.

Öllum er starfa í Grunnskóla Drangness skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf óháð kyni.

Í skólanum ríkir jafnlaunastefna og er þess þá gætt að allir hafi jafna möguleika á launuðum viðbótarstörfum innan skólans óháð kyni.

Laus störf skulu ávallt standa öllum kynjum opin. Við auglýsingu starfa skulu öll kyn hvött til að sækja um. Til undantekninga heyrja þó störf er lúta að t.d. baðvörslu stúlkna eða drengja eða af öðrum hlutlægum ástæðum. Velja skal þann umsækjanda sem hæfastur er til starfsins á grundvelli menntunar og reynslu. Standi valið hins vegar á milli jafn hæfra einstaklinga af gagnstæðu kyni skal ráða einstaklinginn sem er af því kyni sem hallar á.

Stjórnendur skólans tryggja að allir, óháð kyni, njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Við gerð sámenntunaráætlunar sé þess gætt að tilboð séu við hæfi allra kynja. Allir starfsmenn eru hvattir til þess að sækja endurmenntun og huga að starfsþróun sinni.

Fjölskylduvænn vinnustaður

Í anda jafnréttislaga skal skipulag skól starfsins vera með þeim hætti að stjórnendur geti á hverjum tíma gert ráðstafanir til að starfsmenn geti samræmt starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Starfsmenn fái notið sveigjanleika í viðveru til að rækja fjölskyldulegar skyldur sínar. Öllum starfsmönnum skal gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduaðstæðna.

Í viðhorfskönnunum og starfsmannaviðtölum skal ræða um ofangreinda þætti ásamt fleirum (kjör, vinnuálag, handleiðslu, ábyrgð í starfi, vinnuumhverfi og vinnutíma) og greina niðurstöður eftir kynjum, aldri og öðrum þáttum sem mikilvægt er að skoða út frá jafnri stöðu starfsmanna.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi

Öllum starfsmönnum þarf að vera ljóst að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og annað ofbeldi verði aldrei liðið í skólanum. Stjórnendur bera ábyrgð á því að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum ásamt öðrum fagaðilum / lögreglu eftir því sem við á.

Jafnréttisáætlunin sem tók gildi 1. nóvember 2021 er kynnt öllum þeim er hún varðar og endurskoðuð með reglulegu millibili eða a.m.k. á þriggja ára fresti. Regluleg umræða skal fara fram um hana í skólaráði, á starfsmannafundum á árlegum skólafundum nemenda og starfsmanna o.s.frv. Í innra mati skólans skal einnig hugað að áhrifum jafnréttisáætlunar og tryggt að hún skili tilætluðum árangri. Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár, sjá hér að neðan.

Framkvæmdaáætlun skólaárin 2021-2026 (nemendur)

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Fræðsla um jafnréttismál á öllum skólastigum	Umsjónarkennarar skipuleggja fræðslu um jafnréttismál og gera grein fyrir henni í kennsluáætlunum og á samstarfsfundi að vori	Skólastjóri og umsjónarkennarar	Árlega að vori. (fyrsta vika í okt. er hægt að hafa vitundarvakningu)
Námsefni sem byggir á jafnréttis sjónarmiðum	Umsjónarkennarar og skólastjóri fara reglulega yfir námsefni m.t.t. til jafnréttis og annarra þátt sem tengjast því verkefni að jafna rétt nemenda	Umsjónarkennarar og skólastjóri	Allt skólaárið, sérstaklega hugað að námsefni við lok og upphaf hvers skólaárs þegar námsefni er valið.

Fræðsla um kynbundna áreitni kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi	Unnið með efni í öllum árgöngum sem gerir nemendum grein fyrir hvað felst í kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi og nemendum gert ljóst hvert skal leita ef slíkt kemur upp.	Skólastjóri og umsjónarkennarar	Árlega á vorönn. Krakkarnir í hverfinu - leikrit og fræðsla kemur reglulega. Fræðsla frá skólahjúkrunarfræðingi kemur einnig reglulega.
---	--	---------------------------------	---

Framkvæmdaáætlun skólaárin 2021-2026,

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Öllum kynjum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.	Launalistar, yfirvinnugreiðslur og viðbótarlaun vegna ákveðinna verkefna eru skoðuð reglulega með tilliti til kyns starfsmanna. Komi mismunur í ljós skal bregðast við honum og leiðrétta.	Skólastjóri og starfsmenn skrifstofu sveitarfélagsins	Á tveggja ára fresti á vorin, 2021, 2023... Þá er líka farið yfir hvort laun séu í nýjustu samninga stéttarfélaganna.
Starfsfólki er gert kleift að samræma starf sitt og fjölskyldulíf með því að líta til sveigjanleika þegar vinna er skipulögð.	Sveigjanleiki hafður að leiðarljósi þegar ákveðinn er vinnuramma starfsfólks og komið til móts við þarfir þeirra eins og kostur er.	Skólastjóri	Við lok hvers skólaárs og ef þörf þykir að endurmeta vinnuramma.
Ráðstafanir gerðar til að draga úr líkunum á því að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni á vinnustaðnum.	Fræðsla fyrir starfsmenn um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni.	Skólastjóri	Annað hvert ár er farið yfir verkferla varðandi viðbrögð ef kynbundið ofbeldi, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni kemur upp á vinnustaðnum. Fræðsla árlega í tengslum við vitundarvakningu hvers skólaárs. Sjá viðbragðsáætlun í eineltis- og ofbeldisáætlun.